

Safnahelgi á Suðurlandi 2014

Dagskrá 30. október – 2. nóvember



Hornafjörður

Bókasafnið í Nýheimum

laugardaginn 1. nóvember kl. 11.00-14.00

Lestarstund fyrir börnin og þrjónakaffi fyrir alla.

Listasafnið - Maðurinn með Myndavélina

Fimmtud. 30. okt.- föstud. 31. okt. 9-15:30, laugard. 1. nóv. - sunnud. 2. nóv. kl. 12-16

Sýning um Heimi Þór Gíslason sem tók fjölda viðtala og fréttamyndir af samfélaginu í Hornafirði á árunum 1960-2010.

Á sýningunni er hægt að horfa á myndbrot frá þessum tíma, fletta gömlum myndum og upplifa samfélagið í mótun í Hornafirði í nútíma. Ókeypis inn.

Skreiðarskemman

Laugard. 1. nóv. og sunnud. 2. nóv. frá kl. 12 -17.

Þar er hægt að ganga í gegnum sjóminjasögu Hornafjarðar í tímans rás allt frá fyrstu árabátum til dagsins í dag. Ókeypis inn – auka opnun einungis þessa helgi.

Skaftárhreppur / Kirkjubæjarklaustur

Félagsheimilið Kirkjuhvoll -Opnun Uppskeru- og þakkarhátíðar Skaftárhrepps

Fimmtudaginn 30. okt. kl. 20-21

Eva Björk Harðardóttir oddviti setur hátíðina. Kirkjukórarnir í Skaftárhreppi flytja nokkur lög og nemendur Kirkjubæjarskóla sýna leikverk undir stjórn Ólafar Sverrisdóttur leikkonu. Fjölbreytt dagskrá verður alla helgina í Skaftárhreppi.

Menningarviðburðir, matarveislur, fyrirtæki, stofnanir og bændur bjóða gestum í heimsókn. www.facebook.com/uppskeruhatid www.klaustur.is

Á bæjum í Skaftártungu og Álftaveri - Fuglahræðusamkeppni

Fimmtud. 30. október til sunnud. 2. nóvember

Fuglahræðurnar verða við bæina í sveitunum þar sem gestir geta skoðað þær yfir helgina. Vegleg verðlaun verða í boði fyrir frumlegustu fuglahræðuna.

www.facebook.com/uppskeruhatid www.klaustur.is

Héraðsbókasafnið opið

Föstudaginn 31. október kl. 10 - 14

Skaftárstofa opin

Föstudaginn 31. október kl. 10 – 16

Þar er meðal annars að sjá fræðslusýningu frá Vatnajökulsþjóðgarði og náttúrusýnasafn Kirkjubæjarstofu. Kvikmyndin Eldmessa er sýnd á tjaldi, eldgosinu í Grímsvötnum eru gerð góð skil og margvíslegt annað mynd- og margmiðlunarefni er í boði. Skaftárstofa er staðsett í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri.

Gamla stöðin við Systrafoss og Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri - Ljósmyndasýningin Bjarni og kompaní

Föstudaginn 31. október kl. 14– 16:30

Ljósmyndasýning Önnu Gyðu Gunnlaugsdóttur í Gömlu stöðinni og ljósmyndir á tjaldi og ljósmyndabækur á Kirkjubæjarstofu. Heitt verður á könnunni.

www.kbkl.is www.facebook.com/uppskeruhatid www.klaustur.is

Þykkvabæjarklausturskirkja í Álftaveri

Laugardaginn 1. nóvember kl. 10 – 14

Kirkjumálarnir Snorri Guðvarðarson og Kristjana Agnarsdóttir taka á móti gestum og segja frá endurbótum á kirkjunni í máli og myndum.

www.facebook.com/uppskeruhatid www.klaustur.is

Gamla rafstöðvarhúsið á Geirlandi

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 10:30 – 12:30

Fótspor – félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi standa fyrir opnun á endurbyggingu rafstöðvarhússins að Geirlandi sem Sigfús Vigfússon byggði árið 1947. Boðið verður uppá veitingar í stöðvarhúsinu.

www.facebook.com/uppskeruhatid www.klaustur.is

Mýrdalshreppur / Vík

Ströndinni bistro-bar Fýlaveisla

Laugardaginn 1. nóvember kl. 20

Hin árlega fýlaveisla í Vík þar sem boðið er upp á saltan fýl að Mýrdælskum sið, einnig verður boðið uppá hangikjöt og meðlæti. Veislustjóri verður Hermann Árnason.

Verð 3900 kr. Tengiliður Víkurskáli, sími: 4871230, netfang: elias@vikurskali.is,

www.vik.is

Rangárþing eystra

Sögusetrið Hvolsvelli - List í héraði

Laugardaginn 1. nóvember og sunnudaginn 2. nóvember kl. 10 – 18

Tíu áhugalistamenn sýna verk sín í Gallery Ormi undir samheitinu *List í Héraði*. Þetta er síðasta sýningarhelgin og því frábært tækifæri til að sjá fjölbreytt listaverk heimamanna. www.hvolsvollur.is

Sögusetrið Hvolsvelli - Stóra sauma helgin í Njálureflinum

Laugardaginn 1. nóvember kl. 10 til kl. 17 sunnudaginn 2. nóvember.

Það verður saumað af kappi í Njálureflinum. Saumaskapurinn hefst á laugardagsmorgun og saumað verður eins lengi fram eftir og áhugi er fyrir. Á sunnudeginum verður byrjað aftur kl. 10:00 og saumað til 17:00. Uppákomur í boði báða daganna.

www.hvolsvollur.is

Þorvaldseyri

Laugardaginn 1. nóv. og sunnudaginn 2. nóv. kl. 11 – 16.

Í Gestastofunni er sýnd stutt kvikmynd um eldgosíð í Eyjafjallajökli, lífið á Þorvaldseyri í gosinu og eftir að bærinn „reis úr öskunni“. Á veggjum eru spjaldasýningar þar sem safnað hefur verið saman einstökum upplýsingum í máli og myndum um gosíð.

www.icelanderupts.is

Skógasafn

Laugardaginn 1. nóv. og sunnudaginn 2. nóv. kl. 11 – 16.

Söfnun muna í Byggðasafninu í Skógum hófst á miklum tímamótum í sögu þjóðarinnar, hin gamla bændamenning var að fara forgörðum, bændurnir í þann veginn að hætta að ýta litlum opnum fiskibátum út á haf, ný menning var að nema land. Árið 1968 hófst endurbygging gamalla torfhúsa sem hefur verið einn meginþáttur í safnstarfinu. Í þeim geta safngestir séð þær aðstæður sem þjóðin bjó við á liðnum tímum.

Safnið varðveitir menningararf Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í atvinnutækjum til lands og sjávar, í listiðn, í gömlum húsakosti, í bókum, handritum og skjölum. Söfnun til þess hófst 1945 og þann 1. desember 1949 var það fyrst opnað til sýningar. Safnið flutti í nýtt hús 1955. Í Skógarsafni er einnig Samgöngusafn.

www.skogasafn.is

Vestmannaeyjar

ELDHEIMAR

Fimmtud. 30. okt. – sunnud. 2. nóv. kl. 13 - 17

Gosminjasýning sem miðlar fróðleik um eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973, sem án efa telst til stærstu náttúruhamfara Íslandssögunnar. Skyggnst er inn í mannlífið og umhverfið í Vestmannaeyjum fyrir gos og hvernig náttúruhamfarirnar 1973 gripu inn í samfélagið og líf fólksins.

www.eldheimar.is

Eldheimar: Sögur og lög úr leikhúsi með gítarmolum

Fimmtudaginn 30. október kl. 20.

Gítarsveit nemenda úr Tónlistarskóla Vestmannaeyja undir stjórn Eyvindar Inga Steinarssonar hita upp fyrir *Sögur og lög í leikhúsi*. Jóhann Sigurðarsson söngvari og leikari syngur lög úr söngleikjum og segir valdar sögur úr leikhúsinu. Pálmi Sigurhjartarsson leikur undir á píanó. Aðgangseyrir kr. 2.000.-

Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, Ingólfsstofa:

Ljósmyndasýning Gísla Friðriks Johnsen (1906-2000)

Fimmtudaginn 30. október kl. 14-16 í Safnahúsinu

Börn Gísla Friðriks afhentu fyrir skömmu Vestmannaeyjabæ ljósmyndasafn hans. Þau munu sýna safnið og spjalla við gesti ásamt starfsmönnum Ljósmyndasafns Vestmannaeyja.

www.vestmannaeyjar.is/safnahus.

Alþýðuhúsið: Ási í Bæ 100 ára - myndlistasýning

Fimmtudaginn 30. október kl 17: Opnun.

Föstudaginn 31. okt., laugardaginn 1. nóv. og sunnudaginn 2. nóv. kl. 14-18.

Á þessu ári eru liðin 100 ár frá fæðingu Ása í Bæ og eru ljóðin hans og sögur því þema sýningar Myndlistarfélags Vestmannaeyja í ár.

<https://www.facebook.com/myndlisteyjar>

Stafkirkjan

Föstudagur 31. okt. kl. 17

Setning Safnahelgarinnar 2014. Sr. Guðmundur Örn Jónsson og Kristín Jóhannsdóttir. Jarl Sigurgeirsson og nokkrir félagar úr Lúðrasveit Vestmannaeyja leika.

Vinaminni

Föstudagur 31. okt. kl. 21

HÚSBANDIÐ, Arnór, Helga, m.m., leikur og syngur. Eldhúsið opið til kl. 21.00.

Sæheimar – Fiskasafn: Ljósmyndasýningin Blóm á Heimaey

Laugardaginn 1. nóvember og sunnudaginn 2. nóvember kl. 13-16

Ljósmyndasýning á helstu blómplöntum sem finnast á Heimaey.

www.saeheimar.is

Bókasafn Vestmannaeyja Einarstofa:

Upplestur úr nýjum bókum

Laugardaginn 1. nóvember kl. 11 í Safnahúsinu.

Illugi Jökulsson rithöfundur kynnir og les upp úr sínum frábæru knattspyrnubókum. Fyrir börn á öllum aldri.

Laugardaginn 1. nóvember kl. 13 í Safnahúsinu

Lestur úr nýjum bókum. Gísli Pálsson les úr bók sinni *Hans Jónatan, maðurinn sem stal sjálfum sér* og Illugi Jökulsson les úr framhaldi sínu af bókinni *Háskí í hafi* sem nú er að koma út.

Formáli að sýningunni Konur í þátíð: Gíslína Dögg Bjarkadóttir

Laugardaginn 1. nóvember kl. 14.

Í beinu framhaldi af upplestri verður opnuð skissusýning sem ætlað er að kynna stærri sýningu sem haldin verður í vor. Efnið er sótt til skáldverksins Karítas án titils eftir Kristínu Maríu Baldursdóttur. Gíslína er bæjarlistamaður Vestmannaeyja 2014 www.vestmannaeyjar.is/safnahus

Sagnheimar, byggðasafn:

Herjólfsdalur – skyggnst undir yfirborð

Laugardaginn 1. nóvember kl. 15, í Safnahúsinu

Bjarni Einarsson kynnir niðurstöður sínar og Ármanns Höskuldssonar á jarðsjárskönnun í Herjólfsdal sem gerð var nýlega að frumkvæði Þekkingarseturs, Söguseturs 1627 og Sögufélags Vestmannaeyja. Þjóðminjasafnið sýnir valda gripi úr uppgreftri Margrétar Hermanns- Auðardóttur frá 1971-1980. www.sagnheimar.is

Vilborg og Hrafninn í Herjólfsdal

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 14 í Safnahúsinu

Sögustund og ratleikur. Hólmfríður Sigurðardóttir segir söguna af Vilborgu og hrafninum í Herjólfsdal og boðið er upp á ratleik í safninu sem byggir á sögunni. Einnig verður teiknimyndasamkeppni úr sögunni kynnt. www.sagnheimar.is

Uppsveitir

Hrunamannahreppur

Samansafnið Sólheimum – Sýning um Fjalla Eyvind og Höllu

laugardaginn 1. nóvember og sunnudaginn 2. nóvember kl. 13-17.

Gamlir munir, fornbílar og farartæki. Einnig sýning tileinkuð Fjalla Eyvindi og Höllu, en Eyvindur fæddist að Hlíð í Hrunamannahreppi fyrir 300 árum.

Samansafnið er 6.5 km frá Flúðum s: 486-6590 og 865-8761 www.samansafnid.com

Reykholt - Myndlist í hesthúsi

Laugardaginn 1. nóv. kl. 12 - 18 og sunnudaginn 2. nóv. kl. 12 - 17.

Sigurlína Kristinsdóttir opnar vinnustofu sína í hesthúsahverfinu í Reykholti. Hún vinnur nú að myndum fyrir sýningu sem verður opnuð á Café Mika í janúar.

Myndlist í hesthúsi á facebook.com og <http://sigurlina.123.is>

Reykholt - Myndlist í Café Mika

Föstudaginn 31. okt., laugardaginn 1. nóv. og sunnudaginn 2. nóv. kl. 12 - 21

Ingunn Jensdóttir leikstjóri og myndlistakona sýnir fjölda mynda sem unnar eru með mismunandi tækni.

Laugarvatn

Héraðsskólinn: Safnarsýning Upplits

Laugardaginn 1. nóvember kl. 13-17

Upplit menningarklasi Uppsveita Árnessýslu efnir í fjórða sinn til safnarsýningar í tengslum við safnahelgi. Sýningin verður að þessu sinni í Héraðsskólanum á Laugarvatni sem má segja að sé safn í sjálfu sér, bygging með sál og sögu. Safnarar sýna söfn sem leynast víða á heimilum; frímerki, spil, merki, uglur, húfur, servíettur, póstkort, skó, bindi, kjóla eða hvaðeina sem sumir hafa gaman af að safna og aðrir hafa gaman af að skoða. Kærkomið tækifæri fyrir safnara til að hitta aðra safnara og skiptast á upplýsingum og skoðunum um söfnin. www.upplit.is

Gullkistan miðstöð sköpunar - Nú er lag að mynda! Hvernig og hvað svo?

Laugardaginn 1. nóv. og sunnudaginn 2. nóvember kl. 10 - 17

Námskeið í stafrænni ljósmyndun og myndvinnslu. Nemendur þurfa að koma með fartölvur með Photoshop forritunum og stafrænar myndavélar. Forritin: Adobe Bridge og Photoshop

Kennari Ari Halldórsson listgreina og margmiðlunarkennari.

gullkistan.is

Gallerí Laugarvatn

Laugardaginn 1. nóvember og sunnudaginn 2. nóvember kl. 10-18

Opið á safnahelgi. Jólavörurnar komnar upp kertaljós, kakó og piparkökur.

www.gallerilaugarvatn.is

Skálholt

Föstudaginn 30. október, laugardaginn 1. nóv. og sunnud. 2. nóv. kl. 9 - amk. 19

Skálholtsdómkirkja og safnið í kjallaranum. Aðgangur ókeypis um safnahelgi.

Guðspjónusta í Skálholtsdómkirkju á allra heilagra messu

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 11

Prestur er Sr. Egill Hallgrímsson sóknarprestur, organisti Jón Bjarnason.

www.skalholt.is

Geysir

Föstud. 30. okt., laugard. 1. nóv. og sunnud. 2. nóvember kl. 12-17

Geysisstofa: Margmiðlunarsýning um íslensk náttúruöfl og jarðfræði opin og ókeypis aðgangur fyrir alla gesti sem sækja Geysi heim. www.hotelgeysir.is

Árnes Þjórsárstofa

Laugardaginn 1. nóvember kl. 12-17

Þjórsárstofa: Margmiðlunarsýning með fróðleik um svæðið, náttúru, fólk og sögu. Stuttmynd um Þjórsá frá upptökum til ósa. Sýningin er opnuð sérstaklega fyrir safnahelgina. Aðgangur ókeypis. www.thjorsarstofa.is

Borg í Grímsnesi Afhjúpun útilistaverks eftir Halldór Ásgeirsson Laugardaginn 1. nóv. kl. 16

Verkið samanstendur af hringlaga flöt sem er í heild tíu metrar í þvermál með hraunsteini fyrir miðju sem er um það bil tveir metrar á hæð og breidd. Hluti hraunsins er logsoðinn en við það umbreytist hraunið í svartgljáandi glerung. Í kringum hraunsteininn er hellulögð stétt og á hellurnar eru máluð hrauntákn í ýmsum stærðum með svörtum lit og eru að grunni teikningar sem listamaðurinn hefur dregið upp af svartgljáandi glerungi sem verður til þegar bræddur hraunsteinninn kólnar.

Ljóskösturum með ljósdíóðum í mismunandi litum verður beint að hraunvörðunni eftir að dimma tekur þannig að hraunglerungurinn glitrar.

Verkið endurspeglar kulnaðan jarðeldinn sem umlykur staðinn þar sem hraunsteinninn er fulltrúi eldfjallsins og hringlaga stéttin með máluðu táknunum stendur fyrir tungumál jarðar. Einskonar samtal náttúrunnar við sköpunarkraft mannsins. www.gogg.is

Hægt er að kynnast myndlist Halldórs enn frekar á sýningunni VEGFERÐ í Listasafni Árnesinga í Hveragerði og þar verður Halldór með listamannsspjall kl. 14 www.listasafnarnesinga.is www.facebook.com/listasafnarnesinga

Flóahreppur

Íslenski Bærinn og Gamla eldhúsið Austur-Meðalholtum Íslenski Bærinn og Gamla eldhúsið Austur-Meðalholtum

Íslenski Bærinn og Gamla eldhúsið Austur-Meðalholtum

Laugardaginn 1. nóvember kl. 15

Leiðsögn um *íslenskan byggingararf*. Menningarsetrið Íslenski bærinn er húsaþorp, sýningarstaður, samkomustaður og leikvöllur sem hverfist um íslenska torfbæinn og græna byggingalist. Þar upplifa gestir einstakan staðaranda, skoða sýningar sem útskýra samhengi, þróun og tilbrigði íslenskra torfbæja með það að leiðarljósi að túlka aldagamlan arf. Einnig verður boðið upp á kynning á *Smakkbakka úr Gamla eldhúsinu* með útvöldum bitum. Staðarhaldarar eru Hannes Lárusson og Kristín Magnúsdóttir.

<http://islenskibaerinn.is> <https://www.facebook.com/islenskibaerinn>

Gler og keramikverkstæði á Brúnastöðum

Laugardaginn 1. nóvember og sunnudaginn 2. nóvember kl. 10-18

Fanndís Huld opnar verkstæði sitt og gallerí fyrir gestum. Ef veður leyfir þessa helgi mun keramik Rakú brennsla verða í gangi ásamt glerperlugerð.

Árborg - Selfoss

Bókasafn Árborgar Álfabækur eftir Garason í Listagjanni

Föstudaginn 31. október kl. 17.00

Sýningin Álfabækur verður opnuð í Listagjá Bókasafns Árborgar á Selfossi eftir Garason eða Guðlaug Arason. Þetta eru agnarsmáar bækur og rit sem er raðað á heimilislegan hátt í agnarsmáar bókahillur. Hvert myndverk er heimur útaf fyrir sig og þar má finna vel þekktar bækur, íslenskar sem erlendar. Bókasafnið er staðsett að Austurvegi 2. bokasafn.arborg.is/

Héraðsskjalasafn Árnesinga Nýjar myndir og skjalasafn Helgu Sigurðardóttur

Fimmtudaginn 30. október kl. 14-16 og föstudaginn 31. október kl. 10-16

Tuttugupúsund nýjar myndir verða settar inn á www.myndasetur.is. Óskað er eftir aðstoð við skráningu á passamyndum.

Í ljósi þeirrar umræðu um matarverð sem hefur átt sér stað verður skjalasafn Helgu Sigurðardóttur uppi við fyrir gesti að skoða. Helgu þarf ekki að kynna, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands og höfundur fjölda matreiðslubóka.

Héraðsskjalasafnið er staðsett að Austurvegi 2.

www.myndsetur.is

Fischersetrið – Opið hús og áskorun að tefla

Laugardaginn 1. nóvember kl 14-16.

Gestum gefst tækifæri til að skoða safnið sér að kostnaðarlausu auk þess sem hægt er að tefla við félagsmenn og freista þess að vinna þá og vinna til bókaverðlauna.

Fischersetrið er staðsett að Austurvegi 21. www.fischersetur.is

Sundhöll Selfoss

Fim. 30.okt. og föst. 31.okt. kl. 06:30 - 21:30, lau. 1.nóv. og sun. 2.nóv. kl. 9-19

Uppskriftir í pottunum eins og undanfarin ár. Gestir geta skoðað gómsætar uppskriftir frá starfsmönnum sundlauganna í heitu pottunum og þeir geta fengið uppskriftir með sér heim að heimsókn lokinni.

Árborg - Stokkseyri

Veiðisafnið: LJÓNA- OG LYGASÖGUR AÐ HÆTTI HÚSSINS

Laugardaginn 1. nóv. og sunnudaginn 2. nóv. kl. 11 – 18.

Tilboðsverð: aðgangseyrir tveir fyrir einn

www.veidisafnid.is

Orgelsmiðjan

Laugardaginn 1. nóvember kl. 13-18 og sunnudaginn 2. nóvember kl. 13-17

Orgelsmiðjan er staðsett að Hafnargötu 9 www.orgel.is

Örtónleikar – Jörg Sondermann

Laugardaginn 1. nóvember kl. 15

Spilað verður á elsta orgel landsins og yngsta og jafnvel það allra minnsta.

Gallerí Svarti Klettur

Laugardaginn 1. nóv. og sunnudaginn 2. nóv. kl. 14-18

Galleríið er staðsett að Hafnargötu 9. Þar má sjá verk eftir Elfar Guðna listmálara og Valgerði Þóru Elvarsdóttur mósaíklístakonu. Kaffi á könnunni.

Draugasetrið - draugafræðsla og tónleikar

Föstudag 31. okt. kl. 13-21, laugard. 1. nóv. og sunnud. 2. nóv. kl. 13-18

Safnið er staðsett að Hafnargötu 9. Það er ekki ætlað börnum yngri 12 ára nema í fylgd með fullorðnum og á þeirra ábyrgð. Aðgangseyrir kr. 2000.-

www.icelandicwonders.com

Draugafræðsla

laugardaginn 1. nóvember kl 15:30 – 16:30

Sigurgeir Friðþjófsson fræðir gesti um drauga.

Tónleikar UniJon

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 20

UniJon flytur eigin tónlist þar sem boðið er upp á rólega og notalega stemningu.

Aðgangseyrir 1.000.- kr. www.unijon.com

Sundlaug Stokkseyrar

Fim. 30. okt. og föst. 31. okt. kl. 16:30-20:30, laugard. 1. nóv. kl. 10-15

Uppskriftir í pottunum eins og undanfarin ár. Gestir geta skoðað gómsætar uppskriftir frá starfsmönnum sundlauganna í heitu pottunum og þeir geta fengið uppskriftir með sér heim að heimsókn lokinni.

Árborg – Eyrarbakki

Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafn

Leiðsögn um Sjóminjasafnið og gengið yfir í beitningaskúr

Laugardaginn 1. nóvember kl. 12

Siggeir Ingólfsson fer með gesti í gönguferð frá Sjóminjasafni að beitningaskúr og segir frá sjómannslífinu við ströndina.

Hús og tónar í Húsinu

Laugardaginn 1. nóvember kl. 15

Elín Gunnlaugsdóttir tónskáld færir gestum ljúfa tónlist um hús og fugla á þessu síðdegi. Dagskráin skiptist í tvo hluta. Fyrst verður flutt tónlist Elínar úr heimildarmynd um Húsið og verður sá flutningur studdur með textum og myndum úr bókinni Húsið á Eyrarbakka eftir Lýð Pálsson. Flytjendur eru: Hildigunnur Halldórsdóttir, fiðla, Sigurður Halldórsson, selló og Örn Magnússon, píanó.

Í seinni hluta dagskrár syngur Gissur Páll Gissurarson tenór fuglalög eftir Ingunni Bjarnadóttur við undirleik Arnar Magnússonar. Ljóðin eru eftir Kára Tryggvason en bæði hann og Ingunn tilheyrðu skálda- og listamannanýlendu Hveragerðisþorps á 20. öld. Lög Ingunnar eru útsett af Elínu Gunnlaugsdóttur. Um leið og lögin verða sungin verða sýndar nýjar fuglamyndir eftir myndlistarmanninn Hall Karl Hinriksson.

Dagskráin er styrkt af Menningarráði Suðurlands.

www.husid.com

Vesturfarasýning opnuð í Assistentahúsinu.

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 14

Ný sýning um Vesturfara frá Suðurlandi opnar á efri hæð Assistentahúsins. Sagt verður frá fyrstu ferðum og fólkinu sem skildi eftir eftir sig fallega muni sem eru í vörslu Byggðasafns Árnesinga. Sýningin er styrkt af Menningarráði Suðurlands og Safnaráði.

Kartöfluuppskera Hússins til sýnis og smökkunar.

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 15

Gestir geta gætt sér á kartöfluköku sem er bökuð úr kartöflum úr Húsinu og dreypt á kaffi. Einnig má grípa með sér bláa íslenska kartöflu í útsæði. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Húsið á Eyrarbakka - útgáfuhátíð.

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 16

Í sumar kom úr prentun bókinn *Húsið á Eyrarbakka* eftir Lýð Pálsson safnstjóra. Bókin upplýsir um sögu, mannlíf og þróun Hússins á Eyrarbakka frá 1765 til dagsins í dag. Í tilefni útgáfunnar er boðið til útgáfusamsætis í Húsinu þar sem Lýður mun kynna bókina og lesa upp. Bókin verður til sölu á sérstöku kynningar-verði. Hún er í stóru broti, prýdd fjölda ljósmynda, litprentuð og á 80 síðum. Sylvía Kristjánsdóttir sá um hönnun og umbrot en Oddi prentaði. Byggðasafn Árnesinga gefur bókina út. Sérstakir gestir eru rithöfundarnir Bjarni Harðarson og Guðmundur Brynjólfsson sem kynna munu nýjar bækur sínar. Léttar veitingar verða í boði að upplestri loknum.

Ljósmóðirin

Á safnhelgi eru síðustu forvöð að skoða sýninguna *Ljósmóðirin* sem er í borðstofu Hússins. www.husid.com

Laugabúð

Laugardaginn 1. nóv. kl. 11-15:15 og sunnudaginn 2. nóv. kl. 11-16

Guðlaugur Pálsson, kaupmaður á Eyrarbakka, stofnaði verslun sína árið 1917 og rak hana þar til hann lést í desember 1993 eða í 76 ár. Laugabúð hefur nú verið rekin sem safnbúð í nokkur ár í sama húsi og Guðlaugur flutti verslunina í árið 1919.

Bókasafnið á Eyrarbakka og Konubókastofan

Fimmtud. 30. okt. kl. 19-21 og sunnud. 2. nóv. kl. 14-16

Opin hús þar sem hægt er að skoða margar gersemar.

<https://is-is.facebook.com/Konubokastofan>, bokasafn.arborg.is/

Þorlákshöfn / Ölfus

Ævintýrasýning í bókahúsi: Í íþróttahúsinu Þorlákshöfn

Fimmtudaginn 30. október kl. 14: Opnun

Laugardaginn 1. nóvember og sunnudaginn 2. nóvember kl. 10-17

Ævintýrasýning opnuð í íþróttahúsi Þorlákshafnar. Elstu börnin úr leikskólanum Bergheimum fá fyrst að skoða sýninguna og syngja fyrir gesti í íþróttahúsinu. Skriðið inn í bókahús og ævintýraheimur skoðaður með aðstoð vasaljóss. Í boði Bókabæjanna austan fjalls.

Opnunarhátíð Safnahelgarinnar í Ráðhúsi Ölfuss Þorlákshöfn

Fimmtudaginn 30. október kl. 16-18

Á stuttu málþingi, *Safnið mitt – safnið þitt*, við opnun Safnahelgarinnar er áherslan á tengsl safna við samfélagið, einkum skólasamfélagið. Þar munu Sigurjón Baldur Hafsteinsson dósent í safnafræði við Háskóla Íslands, Þorsteinn Hjartarson fræðslustjóri Árborgar og Alma Dís Kristinsdóttir safnafræðingur flytja stutt erindi. Einnig verða í hraðfréttastíl kynnt áhugaverð verkefni í barna- og fræðslustarfi safna frá sitt hvorum enda Suðurlands, Hornafirði og Þorlákshöfn. Léttar veitingar í boði Sveitarfélagsins Ölfuss og tónlistaratriði verða flutt. www.olfus.is

Leikfélag Þorlákshafnar

Fimmtudaginn 30. október kl. 20

Leikverkið „Enginn með Steindóri“ eftir Nínu Björk Jónsdóttur verður sýnt í Versölum Ráðhúsi Ölfuss. Leikstjóri er F. Elli Hafliðason. Miðapantanir í síma 661 0501.

<https://is-is.facebook.com/leikfelag.olfuss>

Hveragerði

Bókasafnið: Prentsmiðjueintök – sýning Svans Jóhannessonar fimmtudag og föstudag kl. 13-18:30, laugardag kl. 11-16, sunnudag kl. 13-16

Sunnumörk 2 Hveragerði. Sýndar eru um 150 bækur frá flestum prentsmiðjum á Íslandi, sumar mjög merkar bækur úr prentsögunni. Einnig gömul prentvél o.fl. Stuttar kvikmyndir um prentun fyrri tíma og nútíma á skjá. Samnefnd bók Svans til sýnis og sölu. Kaffi á könnunni.

<http://www.facebook.com/bokasafnid.i.hveragerdi>

Svanur segir frá bókagerð

Laugardaginn 1. nóv. og sunnudaginn 2. nóv. kl. 14-15

Svanur Jóhannesson segir frá tilurð sýningarinnar *Prentsmiðjueintök* og ýmsum merktum bókum sem á henni eru og kynnir samnefnda bók sína. Boðið upp á kaffi.

Hvað býr í steininum?

Laugardaginn 1. nóvember kl. 13-13:30

Sögustund fyrir börn og fullorðna við stóra steininn „sögusteinninn“ á skjálftasýningunni í Sunnumörk 2. Sögustundin er á vegum bókasafnsins sem er í sama húsi og Skjálftasýningin.

Hvað heitir bókin?

**Fimmtudaginn 30. október og föstudaginn 31. október kl. 13-18:30,
laugardaginn 1. nóvember kl. 11-16 og sunnudaginn 2. nóvember kl. 13-16.**

Myndagetraun á bókasafninu og á Facebooksíðu safnsins. Rétt svar ásamt nafni og símanúmeri sendanda þarf að berast bókasafninu í raunheimum eða rafrænt fyrir kl. 16 á sunnudag, en þá verða bókaverðlaun dregin út.

<http://www.facebook.com/bokasafnid.i.hveragerdi>

Skjálftinn 2008

Fimmtudag 30. október – sunnudags 2. nóvember kl. 8 - 18

Í Sunnumörk Hveragerði. Á sýningunni er gerð grein fyrir orsökum og afleiðingum jarðskjálftans í maí 2008 í Hveragerði. Á sýningunni má sjá reynslusögur íbúa, upplýsingar um áhrif skjálftans á hús, nánasta umhverfi og innbú bæjarbúa. Á sjónvarpsskjáum má sjá upptök úr eftirlitsmyndavélum, ljósmyndir frá bæjarbúum og upplýsingar frá Jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands. Hægt er að upplifa jarðskjálfta sem er yfir 6 á richter í jarðskjálftaherminni. Jarðskjálftasprunga sem fannst við byggingu hússins 2003 er upplýst og á sýningunni.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis en greiða verður fyrir upplifun í jarðskjálftaherminni.

Listvinafélag Hveragerðis: Opnar vinnustofur

Eftirtaldir félagar í Listvinafélagi Hveragerðis opna vinnustofur sínar um Safnahelgina:

Laugardaginn 1. nóvember á degi myndlistar kl. 14 - 17

- **Gréta Berg**, myndlistarkona og hjúkrunarfræðingur.
Lifandi vinnustofa að Kambahrauni 35 (v-megin við húsið).
- **Guðrún Tryggvadóttir**, myndlistarmaður.
Vinnustofa í bílskúrnum að Breiðahvammi í Ölfusi (gult hús og gulur bílskúr).
- **Víðir Mýrmann**, listmálari.
Vinnustofa, í Egilsstöðum, gamla barnaskólahúsinu, neðri hæð.

Laugardaginn 1. nóv. á degi myndlistar og sunnudaginn 2. nóv. kl. 13-16

- **Félagar í Myndlistarfélagi Árnesinga**
Vinnustofur í Egilsstöðum, gamla barnaskólahúsinu, efri hæð.

Sunnudaginn 2. nóv. kl. 14-17

- **Guðmundur Hinriksson**
Myndverk í Borgarhrauni 2, húsi og skúr

Listamannabærinn Hveragerði – spjöld sem Listvinafélagið vann um listamennina sem fyrstir byggðu Hveragerði eru til sýnis í afgreiðslu Sundlaugarinnar í Laugaskarði og við matstofu Heilsustofnunar NLFÍ á opnunartímum stofnananna.
www.listvinir.is

Listasafn Árnesinga

Fimmtud. 30. október - sunnud. 2. nóvember kl 12-18

Tvær sýningar, UMRÓT og VEGFERÐ. Safnið er staðsett að Austurmörk 21
www.listasafnarnesinga.is og facebook.com/listasafnarnesinga

UMRÓT; íslensk myndlist um og eftir 1970

UMRÓT er samstarfssýning með Listasafni Íslands, sú þriðja og síðasta í sýningarröð sem er ætlað að veita innsýn í ákveðin tímabil í íslenskri myndlist. UMRÓT tekur til tímabilsins um og eftir 1970 þar sem sjá má áhrif frá popplisti, flúxus, hugmyndalist, mínimalisma og nýja málverkinu. Tímabilið einkenndist af umróti nýrra strauma þegar öflugir ungir listamenn fóru að vinna með ný viðfangsefni og nýja miðla. Á sýningunni eru m.a. verk eftir Erró, Dieter Roth, Rúrí, Hildi Hákonardóttur og 50 fleiri listamenn til viðbótar sem hafa ýmist unnið verk sín sem skúlptúra, málverk, graffík, vefnað, innsetningu, ljósmyndaverk, myndbandsverk og eða bókverk. Verkin koma öll úr safneign Listasafns Íslands utan tvö sem fengin eru hjá viðkomandi listamanni. Á sýningunni verður einnig hægt að fletta í gegnum fjölmargar dagblaðaumfjallanir sem koma tíðarandanum líka til skila.

VEGFERÐ; Halldór Ásgeirsson

Umfangsmikil dagbókarfærsla sem veitir innsýn í upplifun Halldórs Ásgeirssonar á náttúrunni þar sem hann vinnur einkum út frá hinum fornu frumefnum eldi, vatni, jörð og lofti. Með því að velja verk frá mismunandi tímum á hans ferli má sjá samfellu í hans listsköpun þó um sé að ræða ólíkar útfærslur á tilraunum hans með sjálfsprottna skrift, gjörninga og tilraunir með bráðið hraun, en með þeim gjörningi hefur Halldór skapað sér ákveðna sérstöðu. Halldór var einnig þátttakandi í því

umróti sem átti sér stað í íslensku listalífi uppúr 1970 sem tekið er fyrir á hinni sýningunni í safninu. Í tengslum við útilistaverk sem hann vinnur nú að á Borg í Grímsnesi og vígt verður um Safnahelgina, á laugardeginum 1. nóvember kl.16 var ástæða til þess að kynna feril hans sérstaklega.

Tónlist innanum myndlist

Laugardaginn 1. nóvember kl. 12-14

Kammerkór Suðurlands verður með opna æfingu innan um myndlistasýningar safnsins og endar æfinguna með því að flytja 2-3 lög.

Listamannspjall á degi myndlistar

Laugardaginn 1. nóvember um kl. 14:15.

Halldór Ásgeirsson myndlistarmaður spjallar við gesti um verk sín á sýningunni VEGFERÐ að loknum flutningi Kammerkórs Suðurlands. Síðan verður haldið að Borg í Grímsnesi til að vera við afhjúpun útilistaverks Halldórs.

Leiðsögn og brugðið á leik

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 14

Leiðsögn fyrir börn á öllum aldri. Farið verður um sýningarnar UMRÓT og VEGFERÐ með Ingu Jónsdóttur sýningastjóra.

www.listasafnarnesinga.is og facebook.com/listasafnarnesinga

Hellisheiði /Ölfus

Jarðhitasýningin í Hellisheiðavirkjun

Fimmtudag. 30. okt. – sunnudag 2. nóv. frá kl. 9 - 17

Leiðsögn og fræðsla, steinasafn, veitingar. Aðgangseyrir 900.- krónur.

Skátakaffi og vöffur á Kaffi Kolviðarhóli.

www.orkusyn.is

Handverksmenn að störfum og tónleikar

Laugardaginn 1. nóvember og sunnudaginn 2. nóvember kl. 13-17

Sungið, málað, leirað og prjónað: Listamenn og handverksfólk að störfum.

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 15: Skátakórinn með tónleika.